

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi í landi Úthlíðar, Vörðulás 5, 7, 9, 11 og 14.

Í breytingunni felst að lóð 5-7 verður að tveimur lóðum auk þess sem lóðamörk og stærðir lóða 9 og 11 breytast. Lóð 14 skiptist í fjórar lóðir. Á lóðunum verða reist frístundahús og gestahús/geymsla. Stærð skipulagssvæðisins er 14,6 ha.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. september 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2008